

## FUNDARGERÐ

Fundur nr. 48 í stjórn Herjólfss ohf., haldinn 6. maí 2020 kl. 17:00

í Pálsstofu, Safnahúsi Vestm.

Mættir voru: Agnes Einarsdóttir, Aníta Jóhannsdóttir, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Arnar Pétursson, Birna Vído Þórsdóttir, Guðlaugur Friðþórsson, Páll Þór Guðmundsson og Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins voru fjórir dagskrárliðir:

**1. Upplýsingar um fund með Vegagerðinni varðandi Covid-19 og stöðuna á félaginu frá 30.04.2020.**

Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fóru yfir fund með Vegagerð sem var 30. apríl sl. Á fundinum var farið yfir siglingaáætlun Herjólfss, næstu skref og breytingu á áætlun skipsins. Tillaga um að frá 4. – 12. maí verði farnar 4 ferðir á dag og 6 ferðir frá 13. maí.

*Niðurstaða: Stjórnin þakkar yfirferðina. Stjórnin hafði þegar samþykkt breytta áætlun eftir tillögu frá stjórnarformanni og framkvæmdarstjóra í tölvupósti þann 30. apríl. Í kjölfarið var send út fréttatilkynning frá stjórn Herjólfss ohf. um breytta áætlun.*

**2. Skýrsla framkvæmdastóra.**

Framkvæmdastjóri fór yfir greiningu kostnaðar félagsins vegna Covid-19.

*Stjórnin þakkar yfirferð.*

**3. Aðalfundur –ákveða fundartíma.**

Lagt er til að aðalfundur Herjólfss ohf. verði haldinn miðvikudaginn 27. maí n.k. kl. 20:00.

*Niðurstaða: Framkvæmdarstjóra er falið að boða til aðalfundar samkvæmt samþykktum félagsins.*

**4. Önnur mál.**

Engin önnur mál.

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 19. maí 2020.

Ekki annað rætt,

Fundi slitið kl. 18:45.

Fundargerð ritaði Agnes Einarsdóttir.